

Alþingi
Erindi nr. P 141/313
komudagur 2.11.2012

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Umsögn Sýslumannsins á Sauðárkróki um frumvarp til laga um breytingu á lögreglugögum (fækkun lögregluumdæma o.fl.) nr. 90 frá 1996. 173. mál. Þingskjal 174.

Undirritaður hefur móttækið tölvubréf allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis dags. 15. október 2012 þar sem óskað er eftir umsögn hans um frumvarp til laga um breytingu á lögreglugögum.

Undirritaður sendir yður svohljóðandi:

athugasemdir

Undirritaður gerir alvarlegar athugasemdir við þá fyrirætlan í frumvarpinu að færa lögreglustjórn úr höndum svo margra lögreglustjóra úti á landi og telur að þar sé allt of langt gengið í fækkun lögreglustjóraembætta og með því sé verið að færa stjórn lögreglu í of miklum mæli fjær íbúum.

Undirritaður telur að það sé á margan hátt bæði hagkvæmt og eðlilegt að halda lögreglustjórn áfram í höndum einhverra sýslumanna þar sem það er landfræðilega hagkvæmt og vill rökstyðja skoðun sína samkvæmt neðangreindu.

Í fyrsta lagi telur undirritaður að hagkvæmni breytinganna hafi alls ekki verið reiknað út og telur að breytingarnar feli fremur í sér aukinn kostnað og minni þjónustu, sérstaklega úti á landi. Þannig hefur fjárhagsleg greining ekki verið framkvæmd né verið gerðar rekstraráætlanir fyrir hin nýju embætti og því ekki unnt á þessu stigi að leggja mat á fjárhagslegan ávinning af sameiningu embættanna.

Þar er augljós hagkvæmni í því fólgið í dreifbýli að láta sama manninn sinna bæði lögreglustjórn og sýslumannsstörfum. Þetta á sérstaklega við nú um stundir, þegar fjármagn er af skornum skammti. Það er algjörlega fyrirséð ef leið frumvarpsins verður farin þá er einnig áætlað að að fækka sýslumönnum mjög verulega eða úr 24 í 8 og það mun færa allar ákvarðanir og þjónustu í óásættanlegum mæli fjær íbúum.

Hér er því um meiriháttar breytingu að ræða á stjórnkerfi lögreglu og einnig sýslumanna um allt land og verða breytingarnar hvað róttækastar úti á landi og ætlunin með þessu að stórfækka embættismönnum ríkisins í dreifbýlinu.

Samkvæmt frumvarpinu verða stofnuð sex ný lögreglustjóraembætti og er mikill kostnaður óhjákvæmilega samfara því. Augljóst er að mörg sýslumannsembætti munu þar missa verulega úr sinni umsýslu, en störfin flytjast á ný embætti lögreglustjóra og þannig mun fjöldi starfa færast frá minni byggðakjörnum til þeirra stærri og á höfuðborgarsvæðið. Ef ætlunin væri að fækka störfum og spara væri annað uppi á teningunum, en þetta eru störf sem þarf að vinna og verða auðvitað unnin, bara fær íbúunum í dreifðum byggðum.

Þannig liggur fyrir að mörg verkefni munu flytjast frá minni stöðum til höfuðborgarsvæðisins eða á örfáa stærri staði og þar með er verið að flytja vinnu, þekkingu og reynslu frá þessum minni stöðum án þess að nokkuð sparast í raun heldur er þarna fyrst og fremt um flutning á verkefnum að ræða.

Sú viðbára að segja að nauðsynlegt sé að gera embættin stærri og öflugri er hláleg í ljósi þess að við aðskilnað sýslumanna og lögreglustjóra er þetta oftast ekki reyndin því lögregluembættin verða sum hver líklega bara embætti með einum lögfræðingi, þ.e. lögreglustjóranum sjálfum. Þetta er eins óhagkvæmt og kerfi getur orðið og sýslumannsembættin verða sum hver á sama mælikvarða, á einstaka stöðum einnig eins manns embætti, þ.e. sýslumaðurinn sjálfur. Niðurstaðan er því sú versta fyrir íbúana: þjónustan færirst fjær þeim og hún verður einnig verri.

Í **öðru lagi** telur undirritaður að starf sýslumanns og lögreglustjóra sé auðveldlega samrýmanlegt, en undirritaður hefur langa reynslu af því og hefur ekki orðið var við annað en þetta fari ágætlega saman.


Í **þriðja lagi** vill undirritaður benda á mikilvægi lögreglustjórnar og þess að hún sé nær íbúunum, sérstaklega að því er snertir almannavarnir og bendir í því sambandi á góða reynslu frá eldsumbrotunum í Eyjafjallajökli. Þar kom berlega í ljós að núverandi kerfi virkar afar vel og staðarþekking og nálægð við viðfangsefni skiptir höfuðmáli. Víða á embættunum er búið að byggja upp mikla þekkingu á þessu sviði og er hætta á að sú þekking glatist og jafnframt að boðleiðir lengist og færirst fjær hinum raunverulegu atburðum og íbúum áhrifasvæða.

Loks vill undirritaður benda á að það er alls ekki búið að taka út áhrifin af sameiningu lögregluumdæma frá 2007, sérstaklega hvað snertir þjónustu við íbúa á viðkomandi stöðum.

Ég legg því til að frumvarpinu verði hafnað og hafin verið undirbúningsvinna undir allsherjar endurskoðun á framtíð bæði embætta sýslumanna og lögreglustjóra með það að markmiði að nýta bæði fjármagn og mannafla ríkisins með sem allra besta hætti í þjónustu við íbúa landsins.

Sauðárkróki 31. október 2012

Virðingarfyllt,



Ríkarður Másson

Lögreglustjóri / sýslumaður á Sauðárkróki